

T I L L A G A

að starfsreglum um kirkjuþing.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af forsætisnefnd.

Frsm. Drífa Hjartardóttir.

Kirkjuþing.

1. gr.

■ Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar, þar með talið fjárstjórnarvald, nema lög kveði á um annað.

□ Kirkjuþing markar stefnu þjóðkirkjunnar í sameiginlegum málefnum hennar, öðrum en þeim sem lúta að kenningu kirkjunnar.

□ Kosið skal til kirkjuþings leynilegri kosningu til fjögurra ára í senn. Á kirkjuþingi eiga sæti 29 fulltrúar, 17 leikmenn og 12 vígðir.

□ Kirkjuþing kýs þingforseta úr röðum leikmanna þingsins og tvo varaforseta með sama hætti. Saman mynda þeir forsætisnefnd þingsins. Forseti kirkjuþings boðar til þingsins.

Verkefni kirkjuþings.

2. gr.

■ Kirkjuþing setur starfsreglur um málefni þjóðkirkjunnar, þar á meðal um skipulag kirkjuþings, svo sem kjör til þess, kjördæmaskipan, fjölda kirkjuþingsfulltrúa, þingsköp og verkefni þingsins. Enn fremur samþykkir kirkjuþing ályktanir og samþykktir um málefni þjóðkirkjunnar.

□ Kirkjuþing hefur að jafnaði frumkvæði að frumvörpum til laga um málefni þjóðkirkjunnar og leggur til við ráðherra kirkjumála að þau verði flutt á Alþingi.

□ Kirkjuþing veitir umsögn og gerir tillögur um lagafrumvörp ráðherra kirkjumála um kirkjuleg málefni sem hann hyggst flytja á Alþingi.

□ Kirkjuþing ábyrgist rekstur og fjármál yfirstjórnar þjóðkirkjunnar.

Forseti kirkjuþings.

3. gr.

■ Forseti kirkjuþings ber ábyrgð á starfsemi og rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnslu þess.

□ Forseti undirbýr þinghald kirkjuþings í samráði við forsætisnefnd og stýrir störfum þingsins skv. gildandi starfsreglum um þingsköp kirkjuþings hverju sinni.

□ Forseti gætir þess að starfsreglum, ályktunum og öðrum samþykktum kirkjuþings sé fylgt eftir og að þær séu endurskoðaðar eftir þörfum.

□ Forseti kirkjuþings skal birta starfsreglur, samþykktir og ályktanir kirkjuþings á opnum vef kirkjunnar innan fjögurra vikna frá samþykkt þeirra.

□ Við birtingu starfsreglna og ályktana kirkjuþings má ekkert undan fella sem þar á að standa og fram hefur komið á þinginu og hljóðupptaka ber með sér. Engar efnisbreytingar má gera nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur sem telst sjálfsgöð leiðrétting.

Framkvæmdanefnd kirkjuþings.

4. gr.

■ Kirkjuþing kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara í framkvæmdanefnd kirkjuþings til eins árs í senn. Skal nefndin kjörin á haustfundi kirkjuþings. Nefndin starfar í umboði þingsins.

□ Nefndin lítur eftir starfi rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar í samræmi við gildandi starfsreglur og stefnumörkun hverju sinni. Kirkjuþing setur nefndinni erindisbréf.

□ Heimilt er kirkjuþingi að afturkalla umboð nefndarfulltrúa á kjörtímabilinu og kjósa nýjan eða nýja fulltrúa í þeirra stað út kjörtímabilið.

Skrifstofa kirkjuþings.

5. gr.

■ Kirkjuþing hefur aðsetur á aðalskrifstofu þjóðkirkjunnar. Rekstrarskrifstofa þjóðkirkjunnar veitir forseta þingsins og kirkjuþingsfulltrúum alla nauðsynlega þjónustu og þá aðstoð sem þörf krefur. Forseti ræður starfsfólk kirkjuþings í samræmi við gildandi fjárheimildir hverju sinni. Forseti setur starfsfólki þingsins erindisbréf og ákvarðar starfskjör í samráði við forsætisnefnd.

Þingfararkaup, ferða- og dvalarkostnaður.

6. gr.

■ Kirkjuþingsfulltrúar og aðrir sem seturétt eiga á þinginu fá þingfararkaup fyrir hvern dag sem þingið situr.

□ Ef varamaður er kvaddur til skal hann fá þingfararkaup fyrir hvern dag sem hann situr kirkjuþing en greiðsla til aðalmanns fellur brott sama tíma.

□ Þóknananefnd ákveður laun kirkjuþingsfulltrúa.

7. gr.

■ Kirkjuþingsfulltrúar fá greiddan akstur vegna starfa sinna fyrir kirkjuþing. Einnig flugfargjald eða leigubílakostnað eftir því hvaða ferðamáti er hagkvæmastur.

□ Forsætisnefnd kirkjuþings sker úr ágreiningi sem upp kann að koma um þetta efni.

8. gr.

■ Kirkjuþingsfulltrúar fá greidda hálfu fæðispeninga, ef ekki er boðið upp á kvöldverð á kirkjuþinginu. Enn fremur fá þingfulltrúar greidda hálfu fæðispeninga vegna aksturs til og frá þingstað vari akstur þingsmanns lengur en sex klukkustundir.

□ Kirkjuþingsfulltrúar fá greiddan sanngjarnan gistikostnað, þar sem það á við.

□ Greiðslur samkvæmt 1. og 2. mgr. miðast við gildandi ákvarðanir ferðakostnaðarnefndar ríkisins, sbr. auglýsingar nefndarinnar á vef stjórnarráðsins.

Gildistaka.

9. gr.

■ Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. janúar 2022. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum.

Greinargerð.

Forsætisnefnd kirkjuþings flytur mál þetta. Rétt þykir að gera nokkra grein fyrir aðdraganda þess að tillögur þessar um nýjar og sjálfstæðar starfsreglur um kirkjuþing eru lagðar fram.

Ný lög um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 gengu í gildi 1. júlí 2021. Þar segir í 1. mgr. 2. gr: „Um stöðu þjóðkirkjunnar fer samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 62. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.“

Í 1. másl. 1. mgr. 3. gr. segir: „Þjóðkirkjunni ber að halda úti vígðri þjónustu á landinu öllu og tryggja að allir landsmenn geti átt kost á henni.“

Lögin eru sett í framhaldi af gerð svonefnds viðbótarsamnings ríkis og kirkju frá 6. september 2019, en þar er samningsmarkmiðið stóraukið sjálfstæði kirkjunnar. Því markmiði hefur verið náð að fullu með samþykkt laganna.

Ábyrgð kirkjuþings samkvæmt framangreindum lögum er aukin umtalsvert frá því sem áður var.

Segir í 1. mgr. 7. gr: „Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar, þar með talið fjárstjórnarvald, nema lög kveði á um annað. Kirkjuþing markar stefnu þjóðkirkjunnar í sameiginlegum málefnum hennar, öðrum en þeim sem lúta að kenningu hennar.“

Í 8. gr. segir: „Kirkjuþing setur starfsreglur um málefni þjóðkirkjunnar, þar á meðal um skipulag kirkjuþings, svo sem kjör til þess, kjördæmaskipan, fjölda kirkjuþingsfulltrúa, þingsköp og verkefni þingsins. Enn fremur samþykkir kirkjuþing ályktanir og samþykktir um málefni þjóðkirkjunnar.“

Í 9. gr. segir: „Kirkjuþing hefur að jafnaði frumkvæði að frumvörpum til laga um málefni þjóðkirkjunnar og leggur til við ráðherra kirkjumála að þau verði flutt á Alþingi. Ráðherra kirkjumála leitar umsagnar og tillagna kirkjuþings um lagafrumvörp um kirkjuleg málefni sem hann hyggst flytja á Alþingi.“

Í 10. gr. segir: „Biskup Íslands fer með yfirstjórn þjóðkirkjunnar eftir því sem kirkjuþing mælir nánar fyrir um.“

Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um þjóðkirkjuna segir: „Verði frumvarpið að lögum mun sjálfstæði þjóðkirkjunnar aukast stórlega og ákvörðunarvald hennar að mestu leyti vera á verksviði kirkjuþings.“

Um forseta kirkjuþings segir svo í 3. másl. 2. mgr. 7. gr. laga um þjóðkirkjuna: „Kirkjuþing kýs þingforseta úr röðum leikmanna þingsins og tvo varaforseta með sama hætti. Saman mynda þeir forsætisnefnd kirkjuþings. Forseti kirkjuþings boðar til þingsins.“

Í 2. mgr. 8. gr. segir: „Forseti kirkjuþings skal birta starfsreglur, samþykktir og ályktanir kirkjuþings á opnum vef kirkjunnar innan fjögurra vikna frá samþykkt þeirra.“

Kirkjuþing er nú skipað 29 kjörnum fulltrúum, 17 leikmönnum og 12 vígðum þjónum kirkjunnar. Auk þess sitja kirkjuþingið með málfrelsi og tillögurétt, biskup Íslands og vígslubiskupar, fulltrúi kirkjuþings unga fólksins og fulltrúi guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands. Alls sitja því þingið 34 manns.

Í starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, sem settar voru í gildistíð eldri þjóðkirkjulaga, þ.e. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og eins í væntanlegum starfsreglum, er kveðið nánar á um verkefni forseta kirkjuþings. Annars vegar er þar um að ræða verkefni sem forseti sinnir sjálfur en einnig verkefni forsætisnefndar, sem forseti leiðir. Þar er m.a. kveðið á um að forseti boði til kirkjuþings og stýri starfi þess í samráði við forsætisnefnd. Forseti stjórnar þingfundum kirkjuþings og semur dagskrá þingfunda. Hann ber ábyrgð á starfsemi og rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnslu þess. Forsætisnefnd, undir forystu forseta, gerir tillögur um fulltrúa til þeirra trúnaðarstarfa sem kosið skal til á kirkjuþingi. Þá fylgir forseti eftir samþykktum þingsins. Forsætisnefnd metur hvort þingmál séu þingtæk.

Sú breyting hefur orðið á störfum kirkjuþings á undanförunum árum að þingið starfar lengur en áður var. Reglulegt kirkjuþing er jafnan sett að hausti og því fram haldið til vors á næsta ári. Þá hafa oft á undanförunum árum verið haldin aukakirkjuþing vegna brýnna málefna sem fjalla þarf um og afgreiða.

Forseti mun vafalaust sitja flesta fundi framkvæmdanefndar kirkjuþings en hefur setið mánaðarlega fundi kirkjuráðs þegar fjallað er um fjármál kirkjunnar og eins þegar fjallað er um kirkjuþing. Þetta þýðir í reynd að forseti hefur setið alla fundi kirkjuráðs á þessu ári og allmarga á síðasta ári og lengur.

Segja má að gerbreyting hafi orðið á ábyrgð og starfi forseta kirkjuþings og raunar forsætisnefndar einnig, frá því að framangreindur viðbótarsamningur var undirritaður hinn 6. september 2019.

Í ljósi breyttrar stöðu kirkjuþings og verulega miklu meiri ábyrgðar þingsins á grundvelli nýrra laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, telur forsætisnefnd nauðsynlegt og rétt að settar verði sérstakar starfsreglur um kirkjuþing og yfirstjórn þess, en helstu ákvæði þar að lútandi er í dag að finna í starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum. Forsætisnefnd telur rétt að starfsreglur um þingsköp kirkjuþings fjalli fyrst og fremst um málsmeðferð á kirkjuþingsfundum, um þingmál og um störf nefnda þingsins og annað sem tengist þingstörfunum sjálfum. Hins vegar sé rétt að fjallað sé í sjálfstæðum starfsreglum um kirkjuþingið, almennt um stöðu þingsins, verkefni þess, þingforseta og yfirstjórn kirkjuþings, skrifstofu, starfsmannahald og önnur

atriði, sem nauðsynlegt er að mæla fyrir um. Forsætisnefnd flytur því, auk þessa máls, tillögur að endurskoðuðum starfsreglum um þingsköp á kirkjuþingi 2021 - 2022. Nokkur efnisatriði sem er að finna í núgildandi starfsreglum um þingsköp, eru færð í ákvæði þessara tillagna um kirkjuþingið.

Verði þannig í framtíðinni um að ræða sérstakar starfsreglur um kirkjuþing og sérstakar starfsreglur um þingsköp. Áfram verða, eins og verið hefur, sérstakar starfsreglur um kjör til kirkjuþings.

Ljóst er að ákvæði starfsreglna um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum, falla brott vegna framangreindra breytinga. Þar er m.a. mælt fyrir um að kirkjuráð undirbúi kirkjuþing í samráði við forseta kirkjuþings og fylgi eftir stefnumörkun þingsins og samþykktum þess, svo og ákvæðum starfsreglna þess. Mælt er fyrir um þessi efni í tillögunum og tekst forseti kirkjuþings á hendur þessa ábyrgð ásamt forsætisnefnd þingsins.

Vegna þess aukna umfangs kirkjuþings sem að framan greinir er og verulega auknum starfsskyldum, er mikilvægt að forseti kirkjuþings geti ráðið starfsfólk sem heyrir beint undir forseta og sem taki eingöngu við fyrirmælum frá honum. Allt frá gildistöku eldri þjóðkirkjulaga nr. 78/1997, með síðari breytingum, hefur verið til staðar skrifstofustjóri kirkjuþings og annað starfsfólk sem hefur þjónað þinginu meðan það starfar. Að mati forsætisnefndar verður forseti að lágmarki að hafa einn löglærðan starfsmann en síðan er það útfærsluatriði hvort fleiri starfsmenn verði ráðnir eða samið verði um frekari þjónustu starfsfólks og sérfræðinga á væntanlegri rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar og eftir atvikum á biskupsstofu. Ávallt verða að vera í gildi nægilegar fjárheimildir í þessu skyni.

Um einstakar greinar tillögunnar.

Um 1. gr.

Ákvæði þetta er samhljóða 1. og 2. mgr. 7. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021. Þykir, samhengis vegna, gleggra að birta það einnig í starfsreglum um kirkjuþing.

Um 2. gr.

1. mgr. 2. gr. tillögunnar er samhljóða ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga um þjóðkirkjuna og 2. mgr. 2. gr. tillögunnar er samhljóða ákvæði 1. mgr. 9. gr. laganna. Þá er 3. mgr. 2. gr. tillögunnar efnislega samhljóða ákvæði 2. mgr. 9. gr. laganna.

Með 4. mgr. 2. gr. tillögunnar kemur fram nýmæli en rétt þykir að segja með stuttum og skýrum hætti hver ábyrgð kirkjuþings er á rekstri og fjármálum yfirstjórnar þjóðkirkjunnar.

Um 3. gr.

1. mgr. 3. gr. tillögunnar er samhljóða nógildandi 1. mgr. 5. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings.

2. mgr. 3. gr. tillögunnar er samhljóða nógildandi 1. másl. 2. mgr. 5. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings að öðru leyti en því að í stað samráðs við kirkjuráð skal forseti hafa samráð við forsætisnefnd. Þá er bætt við ákvæðið að forseti stýri störfum kirkjuþings skv. gildandi starfsreglum um þingsköp kirkjuþings hverju sinni.

3. mgr. 3. gr. tillögunnar kveður á um það hlutverk forseta að gæta þess að starfsreglum, ályktunum og öðrum samþykktum kirkjuþings sé fylgt eftir og að þær séu endurskoðaðar eftir þörfum. Í framkvæmd má gera ráð fyrir samstarfi forseta, forsætisnefndar og rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar um það verkefni að tryggja að samþykktum kirkjuþings sé fylgt eftir og að þær séu endurskoðaðar eftir þörfum.

4. mgr. 3. gr. tillögunnar er samhljóða 2. mgr. 8. gr. laga um þjóðkirkjuna.

5. mgr. 3. gr. tillögunnar er samhljóða nógildandi 2. mgr. 6. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings.

Um 4. gr.

Hér er mælt fyrir um þá framkvæmdanefnd kirkjuþings sem samþykkt var að setja á laggirnar á aukakirkjuþingi 2021. Nefndin, sem starfar í umboði kirkjuþings, er skipuð þremur fulltrúum og þremur til vara og skal kjörin til árs í senn á haustfundi kirkjuþings.

Mælt er fyrir um eftirlitshlutverk nefndarinnar með starfi rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar. Nefndin á ekki að annast um daglegan rekstur eða stjórnun rekstrarskrifstofunnar.

Það nýmæli er lagt til að kirkjuþing geti ávallt afturkallað umboð nefndarmanna á kjörtímabilinu og kosið nýjan eða nýja nefndarmenn í staðinn út kjörtímabilið. Kirkjuþing gat ekki afturkallað umboð kjörinna kirkjuráðsfulltrúa sem voru kosnir til fjögurra ára samkvæmt eldri þjóðkirkjulögum nr. 78/1997.

Um 5. gr.

Kveðið er á um að kirkjuþing hafi aðsetur á aðalskrifstofu þjóðkirkjunnar og að rekstrarskrifstofa þjóðkirkjunnar veiti þingforseta og kirkjuþingsfulltrúum alla nauðsynlega þjónustu og þá aðstoð sem þörf krefur. Þá er lagt til að fest verði í sessi sú framkvæmd sem hefur í reynd verið nánast í tvö ár að starfsmenn hafa verið ráðnir til kirkjuþings af forseta þess. Er þar um að ræða löglærða starfsmenn sem hafa ýmist verið ráðnir gegn tímagjaldi eða í tiltekið starfshlutfall. Ávallt verður að gæta ákvæða gildandi starfsreglna kirkjuþings um fjármál hverju sinni., þ.e. að fjárheimildir séu til staðar. Þá er lagt til að forseti setji starfsfólki erindisbréf og ákvarði starfskjör í samráði við forsætisnefnd þingsins.

Um 6. gr.

Ákvæði þetta er samhljóða núgildandi 39. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings.

Um 7. gr.

Ákvæði þetta er að mestu leyti samhljóða núgildandi ákvæði 40. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings. Þó er lagt til að afnumin verði þau viðmið að einungis kirkjuþingsfulltrúar sem eiga lengri leið á kirkjuþing en 50 km. frá heimili fái greiddan akstur. Er sanngjarnt og rétt að sama regla gildi um alla kirkjuþingsfulltrúar að þeir fái aksturskostnað greiddan. Þá þykir eðlilegra að forsætisnefnd þingsins skeri úr ágreiningi um þetta fremur en þóknananefnd þar sem um útlagðan kostnað er að ræða en ekki nefndalaun eða aðra þóknun.

Um 8. gr.

Nú er lagt til að kirkjuþingsfulltrúar fái í stað dagpeningagreiðslna greidda hálfra fæðispeninga, ef ekki er boðið upp á kvöldverð á kirkjuþinginu og einnig hálfra fæðispeninga vegna aksturs til og frá þingstað vari akstur þingsmanns lengur en sex klukkustundir. Einnig fái þeir greiddan sanngjarnan gistikostnað, þar sem það á við. Þetta er í samræmi við þá framkvæmd sem viðhöfð hefur verið um árabil. Ekki hefur þótt rétt að greiða fulla dagpeninga þar sem fæði hefur verið lagt til á þinginu, alltaf í hádegi og oft á kvöldin ef vinna hefur staðið fram á kvöld. Rétt þykir áfram að styðjast við gildandi ákvarðanir ferðakostnaðarnefndar ríkisins varðandi greiðslur þessar.

Um 9. gr.

Lagt er til að tillagan öðlist gildi 1. janúar 2022 og að nógildandi starfsreglur um þingsköp falli brott frá sama tíma.